

143. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 24. október 2011, kl. 20:00, á 3. hæð Ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Alexander Helgason, Ásgeir Gunnar Jónsson og Guðmundur Kristinsson. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Ægisgata 1, niðurrif og uppbygging á lóð.
Guðbrandur Björgvinsson sækir um f.h. Arnars Guðbrandssonar leyfi til að rífa núverandi hús við Ægisgötu nr. 1 og reisa nýtt hús á lóðinni, sbr. umsókn dags. 20.10.11, og teikningar frá Haraldi Valbergssyni B.F.Í, dags. 05.10.11.
Umsögn húsafriðunarnefndar liggur fyrir dags. 10.06.08 og úttekt á ástandi hússins dags. 30.06.08.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið samkvæmt 44. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir eigendum Tangagötu 2, Ægisgötu nr. 2, 3, 5 og Austurgötu nr. 12.
2. Tillaga að deiliskipulagi við Nónvík, dagsett 15. maí 2000.
Vegna formgalla í málsmeðferð á deiliskipulagi við Nónvík (Hjallatanga), teiknað af Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 19.02.2000, samþykkti bæjarstjórn að endurauglýsa tillögu í óbreyttri mynd samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var í auglýsingu til og með 21. október 2011. Engar athugasemdir bárust.
Lagt er til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt.
3. Nesvegur 9, beiðni um stækkun á lóð.
Birgir Jónsson og Sigurður Birgisson sækja um að lóðarstækkun á lóð við Nesveg nr. 9, sbr. afstöðumynd og bréf mótt. 22.08.2011.
Erindi frestað og skoðuð verði nánar heildarnýting á svæðinu.
4. Aðalgata 2 (Egilshús), gistiheimili og niðurrif á innveggjum.
F.h. Gistivers ehf. óskar Aðalheiður Atladóttir /AF arkitektar ehf. eftir álit nefndarinnar á fyrirhuguðum breytingum á Egilshúsi og leyfi til að hefja niðurrif á innveggjum, sbr. tillögur dag. 20.10. 2011.
Nefndin tekur jákvætt í leyfi fyrir gistiheimili í húsinu og að hafist verði handa við að rífa innveggi.
5. Stígur við Hjallatanga, fyrirspurn.
Kristinn Ó. Jónsson og Þórhildur Magnúsdóttir Hjallatanga 22 spyrjast fyrir um framkvæmdir á stíg, sbr. bréf. mótt. 24.10.2011.
Nefndin vísar fyrirspurn til bæjarstjórnar.
6. Önnur mál.
 - 6 a. Ásgeir Gunnar spyr hvornig líði deiliskipulagsvinnu á Nýræktarsvæðinu ?

Fundi slitið kl. 21:35.

B.V.